

Tillaga að ályktun um fjármagn til sóknaráætlana

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnafirði, 18. og 19. október 2024 skorar á innviðaráðherra og Alþingi að auka fjármagn til sóknaráætlanna.

Krónutala til sóknaráætlanna hefur ekki hækkað í áratug og mál sem tengjast velferð, samfélagi og velsæld íbúa fá þar af leiðandi ekki brautargengi við val á áherslum. Það er því sífellt minna fjármagn sem hægt er að veita í samfélagsleg verkefni sem eru til þess fallin að efla samfélögin og samstarf þeirra.

Flutningsmaður: Stjórn FV

Greinargerð:

Samfélagsleg verkefni svo sem ungmennaping, efling fjölmenningarlegra verkefna, samstarf í uppbyggingu menningarverkefna og samstarf innan starfssvæða sóknaráætlana líður fyrir minna fjármagn sem veitt er til sóknaráætlana og verður til þess að mjúku málin eru þau sem oft víkja fyrst þegar takmarkað fjármagn er til skiptanna. Það er því menning, upplifun íbúa og samskipti sem oftast verða undir og þannig dregur úr stuðningi við verkefni sem ætluð eru til að stuðla að uppbyggingu samfélaga til að auka vellíðan íbúa og gesta.